# VESTURBYGGÐ - Aðalskipulag 2006 - 2018

## Bíldudalur, breytingartillaga við Búðargil




Gildandi aðalskipulag, staðfest 15.2.2006, mkv. 1 : 10 000




### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í nóvember 2007, mkv. 1: 10 000

**Aðalskipulagsbreytingin tengist snjóflóðavörnum við Búðargil þar sem byggður verður leiðigarður og snjóflóðarenna.**

**Tillögur að breytingum á aðalskipulaginu eru þessar:**
**Opið svæði til sérstakra nota Ú9 stækkar að Lönguhlíð og að hluta til að Tjarnarbraut yfir svæði sem nú er skilgreint sem íbúðarsvæði. Íbúðarsvæðið var 26 ha og verður 9 ha.**
**Opið svæði til sérstakra nota var 5,6 ha en verður 6,8 ha.**
**Á svæðinu verða stígar og skógrækt í tengslum við snjóflóðavarnargarðinn.**

**Íbúðarsvæðið á milli Lönguhlíðar og Tjarnarbrautar verður skilgreint fyrir frístundabyggð (0,5 ha) með takmörkun á notkun húsa frá 1. nóvember til 20.apríl. (sambærileg við Tungudal á Ísafirði). Sama kvöð er sett á atvinnuhúsnæði sem er innan rauðrar jafnhættulínu á hafnarsvæðinu.**

**Jafnhættulínum vegna ofanflóða er breytt í samræmi við framkvæmdir við snjóflóðavarnir. Þær línur eru til skýringar en ekki staðfestingar þar sem um er að ræða óstaðfesta tillögu að mati á staðaráhættu þegar varnarvirkin hafa verið reist.**

**Áhrif skipulagsbreytingarinnar á umhverfi og samfélag:**
**Áhrif á landslag: Leiðigarðurinn verður áberandi í umhverfi byggðarinnar. Til þess að milda áhrif garðsins næst byggðinni er hallinn þar hafður sem minnstur (1:4). Útlínur garðsins er breytileg í formi til þess að hann falli betur að staðháttum og staðarefni er notað við mótun hans.**
**Áhrif á samfélag: Með tilkomu snjóflóðavarnanna er verið að auk öryggi íbúa Bíldudals gagnvart þeirri náttúruvá sem ofanflóð hafa í för með sér.**
**Það er því niðurstaða sveitarstjórnar Vesturbyggðar að þrátt fyrir að finna megi neikvæð umhverfisáhrif af snjóflóðavörnum þá muni jákvæð öryggisáhrif þeirra vega upp á móti neikvæðum umhverfisáhrifum.**

## SKÝRINGAR :

**BYGGÐ**
- Íbúðasvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði

**VERNARSVÆÐI**

ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI
- Fornleifar
- Friðlýstar fornleifar

VERNDARSVÆÐI GRUNNVATNS
- Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
- Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði

**VEITUR**
- Stofnæð fráveitu (til skýringar)

**SAMGÖNGUR**
- 63 Stofnvegir
- Safnvegir (til skýringar)
- Gönguleiðir (til skýringar)

**HÆTTUMAT**
- A
- B
- C

- Mörk skipulagssvæðis

N

Mkv: 1:10000

0 250m 500m

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. var samþykkt í bæjarstjórn þann 22 apríl 2008

bæjarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. þann 22. maí 2008

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra þann ........ 2008

Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br.

Lagfært í samræmi við bréf Skipulagsstofnunar frá 10. janúar 2008.

| Dags: 28.11.2007 | Mkv: 1:10000 | Teikn:YÞL,MÓ,ÓG | Verk nr: 4607-SA24 |
|---|---|---|---|
| Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir | | | |


LANDMÓTUN Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími: 575 5300 fax: 554 5360 netf: landmotun@landmotun.is